

## Rökstuðningur vega úthlutunar styrkja

### Þróunarverkefnasjóður Flateyri 2020

Auglýst var eftir umsóknum 25. ágúst 2020. Umsóknarfrestur rann út 30. september 2020. Til úthlutunar eru 9 milljónir. Alls bárust 21 umsókn. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að er um 41,4 milljónir. Sótt var um rúmlega 19,4 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem vísuðu til markmiða verkefnisins en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra í þessari umferð. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takt við markmið og áherslur verkefnisins.

Veittir voru verkefnastyrkir til 15 verkefna samtals níu milljónir króna. Þau 15 verkefni sem sem hlutu styrk í þetta sinn eru kynnt aðeins hér að neðan. Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, verða hvattir eindregið til að senda þær aftur inn í næstu úthlutun. Einnig verða umsækjendur hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum.

#### **Almennt:**

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar byggir á reglum og verklagi sem unnið er með í verkefnum Brothættra byggða og getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar einstakra verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun verkefnisins og /eða ákvörðun verkefnisstjórnar.

Verkefni þurfa að styðja við framtíðarsýn og markmið í Samfélagsverkefni á Flateyri. Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda. Enn fremur styrkir það verkefni ef þau leiða til samstarfs aðila innan héraðs og/eða til samstarfs við aðila utan héraðs.

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættar vöru eða þjónustu. Einnig er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga. Um verkefni sem kostuð eru að hluta af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

*Styrkir til styrkþega séu innan marka samkvæmt reglum EES um minniháttaraðstoð:*

Með vísan til reglugerðar um minniháttaraðstoð sem er hluti af EES-samningnum ber umsækjanda að upplýsa um annan opinberan stuðning á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári vegna sama verkefnis eða annarra verkefna á vegum umsækjanda, enda sé sá stuðningur veittur í samræmi við reglugerð um minniháttaraðstoð. Samkvæmt reglunum mega styrkir ekki fara upp fyrir 200.000 evrur á þremur árum. Upplýsa skal hvort slíkur stuðningur hafi verið móttækinn og þá þær fjárhæðir sem um ræðir.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Þróunarverkefnasjóður Flateyrar gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld
- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta
- ✓ Ferðir og fundir

- ✓ Markaðsrannsókn/könnun
- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

#### **Þróunarverkefnasjóður Flateyrar fjármagna ekki:**

- ✓ Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- ✓ Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Undantekning frá þessum lið er stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu að uppfylltum sérstökum skilyrðum um að verkefni raski ekki samkeppni (**sjá nánar heildarreglur**)
- ✓ Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Verkefnisstjórn samfélagsverkefnis á Flateyri samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá verkefnisstjórn, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð:

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Flateyri/verklag-um-umsyslu-fjarmuna-throunarsjods-flateyrar-2020.pdf>

Reglurnar voru einnig birtar í auglýsingunni fyrir styrkumsóknir.

#### **Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókn**

##### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 2 - Flateyri allt árið - Félag ferðapjóna í Önundarfirði**

Veturinn 2020-2021 ætla ferðapjónar í Önundarfirði að taka sig saman og bjóða upp á viðburðarríka helgardagskrá til að fylgja eftir góðum árangri verkefnisins Fjör á Flateyri sem staðið var að síðasta sumar með góðum árangri. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá viðburða, afþreyingar og þjónustu á Flateyri og í Önundarfirði í því skyni að laða ferðafólk og fólk af svæðinu til Flateyrar.

**Verkefnisstjórn finnst verkefnið áhugavert og til fyrirmyndar, en með tilliti til Covid og því tengt er óljóst hvort hægt verði að framkvæma verkefnið í vetur.**

**Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,- sem nýta mætti til undirbúnings, ná saman ferðapjónum á svæðinu og til auglýsinga þegar opnast aftur á samkomur og ferðalög.**

##### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 4 - Gerð viðskiptaáætlunar 2020-2022 - Fiskvinnslan Hrefna ehf.**

Verkefnið er gerð viðskiptaáætlunar fyrir Fiskvinnsluna Hrefnu til næstu 2ja ára. Með kaupum Fiskvinnslunnar Hrefnu á vörumerki Ísfirðings (Magnús reykhús) hefur Hrefna skapað atvinnu fyrir sjálfa sig og tvo starfsmenn til viðbótar og hyggst hún stuðla að frekari atvinnuuppbyggingu á Flateyri. Í burðarliðnum eru áætlanir sem fela í sér nýsköpun og stækkun á vörulínu fyrirtækisins auk þess sem ætla má að núverandi vörur fyrirtækisins eigi töluverða möguleika og geti, ef rétt er á haldið, stuðlað að frekari sókn fyrirtækisins á markaði.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að markmiðum Þróunarverkefnisjóðs á Flateyri.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-*

#### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 5 - Gerð viðskiptaáætlunar 2020-2023 - Litlabýli ehf**

Verkefnið er að vinna viðskiptaáætlun fyrir fyrirtækið til næstu 3ja ára. Ætlunin er að Litlabýli, sem nú þegar rekur gistingu og aðra en þó takmarkaða þjónustu við ferðamenn á Flateyri færi verulega út kvíarnar. Fyrirtækið er þegar með ferðaskrifstofuleyfi. Ætlunin er að bæta við núverandi vöruframboð með því að bjóða upp á, auk gistingar, pakkaferðir ýmiskonar, dagsferðir út frá Flateyri og aðra möguleika í afþreyingu og upplifun fyrir ferðafólk. Viðskiptaáætlun verður ekki aðeins notuð til sóknar í fjármuni til uppbyggingar á fyrirtækinu heldur einnig sem vegvísir sem ætlunin er að starfa eftir til næstu ára.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að markmiðum Þróunarverkefnisjóðs á Flateyri, gæti verið umsækjanda mikil hvatning til áframhaldandi þróunar.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-*

#### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 6 - Glamping Flateyri: lúxus tjaldgisting - Sjöfimm ehf**

Markmið með verkefninu er að byggja upp lúxus tjaldgistingu á Sólbakka við Flateyri, svokallað “Glamping”. Fyrsti áfangi verkefnisins felst í úttekt landslagshönnuðar og nánari skipulagningu á svæðinu sem um ræðir og að undirbúa verkefnið undir næstu áfanga í framkvæmdaáætlun. Fyrirhugað er að koma fyrir a.m.k. 10 s.k. glamping tjöldum í hlíðinni fyrir ofan Sólbakka, þar sem útsýni yfir fjörðinn er magnað. Tjöldin eru sett upp að vori og tekin niður að hausti. Mikilvægt er að framkvæmd verði afturkræf og þannig að rask verði sem minnst.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla að markmiðum Þróunarverkefnisjóðs á Flateyri, vera spennandi og koma með nýja nálgun í gistimöguleikum á svæðinu. Taka þarf samt sem áður tillit til samkeppnissjónarmiða, en verkefnisstjórn telur þetta verkefni fela í sér nýsköpun sem ekki sé til staðar á svæðinu. Verkefnisstjórn telur einnig að þetta verkefni gæti ýtt undir ímynd Flateyrar sem spennandi áfangastaðar og gæti einnig nýst öðrum aðilum í feðabjónustu s.s. veitingahús, afþreying og verslun.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 800.000.-*

[ATHs HF: þáðu ekki styrkinn]

#### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 8 - Námskeið í bátasmíði - Birkir Þór Guðmundsson**

Áformað er að standa fyrir námskeiði um viðgerð gamalla trébáta á Flateyri í mars á næsta ári. Markmið með námskeiðinu er að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa á Íslandi og halda til haga og vekja áhuga á fornum handverki og hefðum tengdri smábátaútgerð fyrr á öldum. Námskeiðið er ætlað áhugamönnum um bátavernd og sögu smábátaútgerðar á Íslandi.

Verkefnisstjórn veltir fyrir sér hvort umsækjandi þurfi að leita eftir samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða og vinna stefnumörkun í tengslum við það. Samþykkt að styrkja verkefnið til að hægt sé að koma því af stað og vinna áfram með hugmyndina.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 235.000.-*

#### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 9 - Ræktun í bala - Sæbjörg Freyja Gísladóttir**

Markmið þessa samfélagslega verkefnis er að skapa vettvang fyrir fólk sem hefur áhuga á grænmetisrækt, en litla þekkingu á efninu, til þess að koma saman, læra að rækta og njóta samveru hvers annars. Markmiðið er einnig að endurnýta úrelta beitningabala úr plasti og gefa þeim nýtt hlutverk í stað þess að henda þeim.

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert og falli vel að markmiðum Þróunarverkefnasjóðs á Flateyri

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 234.000.-*

#### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 10 - Sjóböð í Holti, fýsileikakönnun - Ráðgjöf og verkefnastjórnun (RRV ehf.) og Óttar Guðjónsson**

Verkefnið felst í að kosta hugmyndavinnu og verkfræðilega greiningu á möguleikum til uppbyggingar heitrar laugar við Holtsbryggju í Önundarfirði eða annars staðar í firðinum sem grundvöll til uppbyggingar sjóbaða. Lokaafurð og markmið verkefnisins er að til verði kostnaðaráætlun um orkuöflun til reksturs heitrar laugar í Önundarfirði. Kannaðar verði og metnar leiðir til slíks m.a. með orkuöflun úr sjó og jarðvegi.

Verkefnisstjórn metur verkefnið sem spennandi og mjög flott verkefni sem gæti haft mikil samfélagsleg áhrif á svæðið, bæði fyrir ferðamenn og heimafólk. Verkefnisstjórn er meðvituð um að landið er í einkaeigu og telur mikilvægt að það sé unnið í samvinnu við landeigendur, hverfisráð Flateyrar og aðra hlutaðeigandi á svæðinu. Verkefnisstjórn vill því skilyrða styrkveitinguna við að samráð sé haft við þessa aðila áður en haldið verði áfram með verkefnið.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000.-*

#### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 11 – Skautasvell - Sigurður J. Hafberg**

Markmið verkefnisins og árangur er að auka afþreyingu á Flateyri að vetri til. Skautaiðkun er mjög vinsæl þar sem hægt er að stunda hana. Þarna myndu koma saman fólk á öllum aldri leikskólabörn, grunnskólabörn, lýðskólafólk, foreldrar, afar og ömmur. Einnig má búast við því að fólk af næstu fjörðum geri sér ferð til að njóta skemmtilegrar útiveru. Veggur verður byggður utan um skautasvellið.

Verkefnisstjórn telur verkefnið geta fallið að markmiðum Þróunarverkefnasjóðs á Flateyri .

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 12 - Skúrin – suðupottur - Skúrin, samfélagsmiðstöð ehf.**

Verkefnið er fólgið í því að fjármagna kaup á tækniúnaði sem nauðsynlegur er til uppbyggingar á hágæða vinnuáðstöðu í Skúrinni, samfélagsmiðstöð á Flateyri. Að skapa góða aðstöðu fyrir frumkvöðla, sjálfstæða atvinnurekendur og aðra þá sem hyggja á fjarvinnu í lengri eða styttri tíma. Markmiðið er að Skúrin verði suðupottur nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi sem laðað gæti að einstaklinga og fyrirtæki úr heimi nýsköpunar frá Íslandi og öðrum löndum. Skúrin ehf. er nýstofnuð samfélagsmiðstöð á Flateyri þar sem markmiðið er að reka og leigja út húsnæði til reksturs frumkvöðlaseturs, samfélagsmiðstöðvar og fyrirtækjahótel.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla að markmiðum Þróunarverkefnasjóðs á Flateyri .

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 14 - Steinninn – minnisvarði - Guðrún Pálsdóttir**

Meginmarkmið verkefnisins er að varðveita sögu og heimildir um snjóflóðið sem féll á höfnina á Flateyri 14. janúar 2020 og reisa þeim bátum sem flóðið tók veglegan minnisvarða. Minnisvarðinn myndi bera myndir af bátunum, fyrir og eftir flóð, upplýsingar um sögu þeirra og eigendur og annað markvert.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla að markmiðum Þróunarverkefnasjóðs á Flateyri .

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 250.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 15 - Sumarskóli Lýðskólans á Flateyri - Lýðskólinn á Flateyri**

Lýðskólinn á Flateyri hefur unnið að hugmyndum setja á stofn sumarskóla Lýðskólans og miðast áætlanir við að starfsemi hefjist í maí 2021. Verkefnið felst í því að ráða verkefnastjóra í hlutastarf í 4-6 mánuði til að vinna undirbúningi sumarskóla. Verkefni verkefnisstjóra felast m.a. í því að þróa framboð námskeiða, finna og ráða kennara, hefja kynningar- og markaðsstarf og gera kostnaðar- og tekjuáætlun. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði fjárhagslega sjálfbært strax á fyrsta starfssumri.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að markmiðum Þróunarverkefnissjóðs á Flateyri. Verkefnisstjórn telur enn fremur að sumarskóli Lýðskólans gæti nýst öðrum í samfélaginu og mögulega skapa afleidd störf. Að mati verkefnisstjórnar má kannski segja að Lýðskólinn hafi að mörgu leiti verðið flaggskip Flateyrar og haft mjög jákvæð áhrif á samfélagið á Flateyri.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 800.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 16 - Sögur úr sjávarbyggð: Rafræn leiðsögn um Flateyri og Önundarfjörð - Hús og fólk**

Markmið verkefnisins er að ljúka við smáforrit er geymir frásagnir og upplýsingar um Flateyri og Önundarfjörð þannig að unnt verði að sækja það í App Store og Play Store og setja upp í snjallsíma og

spjaldtölvur. Gerð smáforritsins er nú þegar komin á það stig að unnt er að sækja það í Play Store en sem eins konar „prufu“. Eftir er að gera ýmsar lagfæringar. Þær felast í nákvæmri yfirferð yfir smáforritið, gera lista yfir atriði sem nauðsynlegt er að lagfæra eða breyta. Að því loknu þarf að vinna að tæknilegum úrlausnum og loks að fá birtingu einnig birtingu á App Store. Einnig stendur til að bæta við þætti í smáforritið sem felur í sér ratleik fyrir notendur forritsins þar sem þeir eru leiddir um Flateyri og Öfundarfjörð með ákveðið markmið í huga.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla að markmiðum Þróunarverkefnissjóðs á Flateyri og telur að með því að veita verkefninu styrk skapist möguleikar til að ljúka verkefninu.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 17 - Teikning og hönnun vegna stækkunar Litlabýlis - Litlabýli ehf**

Markmið verkefnisins er að stækka húsnæði gistiheimilisins Litlabýli á Flateyri. Ekki eingöngu mun stækkun húsnæðis leiða til fjölgunar gistiherbergja fyrirtækisins heldur einnig auka verulega við möguleika til að þjónusta gesti og framleiða um leið matvöru sem notið hefur verulega vinsælda og til stendur að auka framleiðslu á. Sótt er um styrk til að leita aðstoðar arkitektsins Kjartans Árnasonar sem ráðgert er að komi að hönnun á stækkun á húsnæði og aðstoði eiganda fyrirtækisins við að sækja um leyfi fyrir breytingunum. Afurð verkefnisins verður sú að fyrir liggja teikningar að fyrirhugaðri stækkun og leyfi til framkvæmdanna.

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert en jafnframt að horfa þurfi til samkeppnissjónarmiða. Verkefnisstjórn vil því skilyrða styrkinn því að hann verði einungis nýttur til þess þáttar umsóknar er snýr að nýsköpun, þróunar og framleiðslu matvöru.

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 18 - Trimblur á tromblunum I & II - Margeir Haraldsson**

Listahópurinn Allt Kollektív stefnir á að halda tvær stórar listasýningar. Fyrri sýningin verður í nóvember á þessu ári og seinni viðburðurinn verður haldinn á Stútungshelginni 2021. Skipuleggjendur trúá því að þetta efli menningarlíf á Flateyri og komi til með að stuðla að því að gera Flateyri enn meira aðlaðandi fyrir fólk til þess að koma til Flateyrar yfir vetrartímann. Framtíðarsýn listahópsins er sú að þessir viðburðir verði haldnir árlega og muni stækka með hverju árinu og þannig veita stöðugan vettvang fyrir listafólk til að sýna verk sín og koma sér þannig á framfæri.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla að markmiðum Þróunarverkefnissjóðs á Flateyri

*Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 200.000.-*

### **Verkefni ÞS-Flat-2020 – 20 - Ön ehf. - Gerð viðskiptaáætlunar 2020-2022 - Runólfur Ágústsson f.h. Ön ehf, óstofnaðs einkahlutafélags**

Verkefnið er að vinna viðskiptaáætlun fyrir stofnun og rekstur Ön ehf. til næstu 2ja ára. Markmið með fyrirtækinu Ön ehf. er að stofna og byggja upp framleiðslu á gini og anís á Flateyri. Drykkirnir verða unnir

úr jurtum sem vaxa í Önundarfirði. Samhliða verði opin verksmiðja eða brugghús sem verður markaðsett sem áfangastaður fyrir ferðafólks, til farþega á skemmtiferðarskipum sem koma á Ísafjörð auk annars ferðafólks sem leggur leið sína til Flateyrar.

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert og falla að markmiðum Þróunarverkefnissjóðs á Flateyri.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-

[HF: Þáðu ekki styrkinn]